

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3417

Rekstraraðili Malbikunarstöðin Höfði hf. kt: 5810962919	Tegund starfsemi Malbikunarstöðvar	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 8. júní 2034
Starfsstöð Álhella 34 Hafnarfjörður	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 17. ágúst 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0389	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 24. Ágúst 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Elín Ásgeirsdóttir

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom ekki fram frávik.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 17. ágúst 2026 án vettvangsheimsóknar.

Rekstraraðili skilaði ársskýrslu þann 23. mars 2026 fyrir undangengið ár. Þessi skýrsla inniheldur þær upplýsingar sem skila skal í umhverfisupplýsingum. Einnig inniheldur skýrslan upplýsingar um losunarmælingar árið 2025 sem allar voru undir losunarmörkum í starfsleyfi.

Stofnunin sendi rekstraraðila bréf þann 19. febrúar 2026 um breytta tíðni mælinga á losun PAH og því ekki krafa um mælingu á PAH til staðar lengur.

Ábendingar

Rekstraraðila er bent á að skv. gr. 4.2 í starfsleyfi á að gera árlegar mælingar á losun í útblæstri og frárennsli. Skila skal niðurstöðum þessara mælinga innan mánaðar frá mælingu.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.